Andlát

Einar Jósepsson, Ásvallagötu 2, lést í St. Jósepsspítala, Landakoti, þann 25. september.

Sigurjón Guðjónsson, Hólagötu 10, Vestmannaeyjum, lést í Landspítalanum sunnudaginn 24. september.

Anna Kristín Ottósdóttir andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans 25. september.

Jarðarfarir

Þorvaldur Jóhannesson, Drápuhlíð 4, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. september kl. 10.30.

Sveinn Jónsson, Hvassaleiti 101, Reykjavík, lést í Borgarspítalanum föstudaginn 15. september sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Ágúst Jóhannesson, Faxabraut 32c, Keflavík, verður jarðsettur frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 28. september kl. 14.

Útför **Guðlaugs Unnars Guðmundssonar,** Lönguhlíð 3, fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. september kl. 15.

Útför **Arnfríðar Sigurbergsdóttur,** fór fram frá Áskirkju þann 25. september í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Skúli Pétursson bóndi, Nautaflötum, Ölfusi, verður jarðsunginn frá Kotstrandarkirkju föstudaginn 29. september kl. 14.

Útför **Margrétar Sigfríðar Símonardóttur,** Skeggjagötu 6, Reykjavík, verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 29. september kl. 15.

útför **Huldu Róbertsdóttur,** Sólbarði, Bessastaðahreppi, verður gerð frá Bessastaðakirkju fimmtudaginn 28. september kl. 13.30.

Ágúst Kristjánsson, Miðbraut 6, Seltjarnarnesi, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 29. september kl. 13.30.

Útför **Sigurðar Geirssonar,** Vilmundarstöðum, Reykholtsdal, fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 30. september kl. 14.

Albert Ólafsson, skólastjóri, Oppdal, Noregi (frá Desey í Norðurárdal), andaðist 25. september sl. Hann verður jarðsunginn frá Oppdalkirkju fimmtudaginn 28. september.

Kristín Pálsdóttir Pensel lést 21. september. Hún fæddist í Reykjavík 27. maí 1921. Foreldrar hennar voru hjónin Ágústa Hjörleifsdóttir og Páll Þorvaldsson. Kristín lauk námi frá Kvennaskólanum í Reykjavík og lærði síðan hárgreiðslu hjá Kristínu Ingimundardóttur og rak um skeið eigin stofu á Þórsgötu. Kristíon var tvígift. Fyrri maður hennar var Þórður Steindórsson, en þau slitu samvistir. Þau eignuðust einn son. Seinni maður hennar var Edward Pensel, sem er látinn. Þau eignuðust tvo syni. Útför Kristínar verður gerð frá Fossvogskapellu í dag kl. 13.30.

Ferðalög

Útivistarferðir

Helgarferðir 29. sept til 1. okt.

1. Þórsmörk, haustlitir. Síðasta haustlitaferðin. Gönguferðir við allra hæfi. Góð gisting í Útivistarskálunum Básum.

2. Gljúfurleit, haustlitir. Stórskemmtileg svæði á Gnúpverjaafrétt. Skoðaðir fossar í Þjórsá, m.a. Dynkur og Gljúfurleitarfoss. Gist í skála. Upplýsingar og farmiðar á skrifstofu, Grófinni 1, Símar: 14606 og 23732. Sjáumst.

Tónleikar

Áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Fyrstu áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fertugasta starfsári hennar verða nk. fimmtudag, 28. september, í Háskólabíói og hefjast kl. 20.30. Hljómsveitarstjóri verður Petri Sakari, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, og einleikari Christian Lindberg básúnuleikari. Á efnisskránni verða þrjú verk: Dóttir norðursins eftir Jean Siebelius, Básúnukonsert eftir Áskel Másson og Schehereazade eftir Rimsky-Korsakoff.

Fundir

Kvenréttindafélag Íslands

Menningar- og minningarsjóður kvenna heldur afmælisfund í minningu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur að Hallveigarstöðum í dag, 27. september, kl. 20.30. Gestir fundarins verða Sigríður Erlendsdóttir sagnfræðingur, Lára Rafnsdóttir pianóleikari og Hlíf Káradóttir söngkona. Fundurinn er öllum opinn. Kaffiveitingar, happdrætti og fleira.

Amnesty International

Eins og komið hefur fram í fréttum stendur nú yfir herferð samtakanna Amnesty International gegn dauðarefsingu. Fyrir tveimur árum var ráðist í herferð gegn dauðarefsingu í Bandaríkjunum en nú á að beina spjótum gegn öllum þeim ríkjum sem taka fólk af lífi. Vikuna 20. til 27. september verður sérstök aðgerðarvika hjá Amnesty International þar sem athygli verður vakin á þessari herferð. Í dag, 27. september, verður fundur opinn öllum. Fundurinn verður haldinn í stofu 201 í Odda, húsi Háskóla Íslands, og hefst hann kl. 20.

ITC Melkorka

Opin fundur ITC Melkorku verður haldinn í dag, 27. september, kl. 20 í Menningarmiðstöðinni í Gerðubergi í Breiðholti. Stef fundarins er: Enginn er of gamall gott að læra. Á dagskrá er m.a. ræðudagskrá og upplestur. Upplýsingar veita Guðrún í síma 46751 og Helga í síma 78441. Fundurinn er öllum opin, mætum stundvíslega.

Tilkynningar

Námsstefna um eyðni

Eyðni – stuðningur – fræðsla – ráðgjöf er yfirskrift námsstefnu sem Rauði kross Íslands, Landsnefnd um eyðnivarnir og Samtök áhugafólks um eyðnivandann efna til í dag, 27. september, í fundarsal Hótels Lindar að Rauðarárstíg 18, Reykjavík. Markmið námsstefnunnar er að fjölga þeim aðilum á landinu sem geta veitt nauðsynlegar upplýsingar um málefni er varða eyðni og er hún einkum ætluð fólki í heilbrigðisstéttum, lögreglumönnum, sjúkraflutningamönnum og öðrum þeim er vinna félagsleg störf.

Námskeið Rauða krossins

Fræðslumiðstöð Rauða kross Íslands hefur gefið út námsskrá fyrir haustönn 1989 og vorönn 1990. Boðið er upp á 29 mismunandi námskeið og eru þau ýmist ætluð almenningi eða sjálfboðaliðum Rauða krossins auk þess sem haldin eru nokkur starfsmenntunarnámskeið. Fjölmörg námskeið í skyndihjálp verða í boði um land allt en deildir Rauða krossins eru nú 47 talsins. Rauði kross Íslands leitast við að setja upp námskeið í skyndihjálp fyrir einstaka hópa og sníða þau að þörfum þeirra og óskum. Boðið verður upp á námskeið í skyndihjálp fyrir foreldra og er þar sérstaklega fjallað um slysahættu og leiðir til að koma í veg fyrir slys. Einnig námskeið sem ætlað er ferðamönnum innanlands. Mörg ný námskeið eru í boði fyrir unglinga í ungliðahreyfingu RKÍ. Allar nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu RKÍ, í síma 91-26722.

Hallgrímskirkja – starf aldraðra

Nk. sunnudag verður guðsþjónusta í Hallgrímskirkju kl. 11. Á eftir verður borinn fram léttur matur fyrir starf aldraðra á viðráðanlegu verði. Síðan verður ekið um Seltjarnarnes og komið við í Seltjarnarneskirkju og íbúðum aldraðra þar í bæ. Þátttaka tilkynnist sem fyrst í síma kirkjunnar, 10745, eða til Dómhildar í s. 39965.

Ítalskir dagar í Kringlunni

Ítalskir dagar verða í Kringlunni frá 28. september til 7. október nk. Viðskiptavinir geta fræðst um Ítalíu og veittar verða upplýsingar um ferðir þangað. Þá verða kynntar ítalskar vörur og matur og einnig munu listamenn koma fram. Kringlan er sérstaklega skreytt af þessu tilefni. Ýmis skemmtiatriði verða í göngugötum og ítölsk hljómsveit leikur á daginn í Kringlunni.



Stuðbandið Ó.M. og Garðar

3 starfsár Stuðbandsins Ó.M. og Garðars er hafið. Þeir taka að sér að leika á árshátíðum og þorrablótum. Hljómsveitin er með 150 laga dagskrá og leika þeir gömlu dansana, gamla góða rokkið, bítlalögin og fleira. Upplýsingar gefa Garðar í síma 37526 og Ólafur í síma 31483.

Tapað – fundið

Læða í óskilum

Grá og hvít læða er í óskilum í Seljahverfi. Hún er ómerkt. Upplýsingar í síma 76206.


Menning

DV

Mett og hrein

– nokkur orð um sýningu Errós og listaverkagjöf

„Gjafmildi Errós eru nánast engin takmörk sett," segir fólk þessa dagana hvað í kapp við annað og streymir á Kjarvalsstaði eins og sauðfénaður af fjalli. Með sauðasvip reiðir það svo 200 krónur af hendi til að fá að sjá herlegheitin auk nokkurra þúsunda í sýningarskrá, veggspjöld, kort og fleira þess háttar af heimsmenningargerðinni. Og hvað er það svo sem fólkið er að sækja í eins og heimalningar í fóðurbæti? Jú, nokkuð sem það kallar „vel máluðar myndir af einhverju sem allir þekkja". Í þessu liggur nefnilega dáleiðsluvald Errós; listin rennur undan pensli hans eins og lærissneiðar í neytendapakkningar. Á tímum sem þessum, þegar fólk er hætt að nenna að botna í tilverunni og ekur í gegnum hljóðmúrinn til að komast á útsölu, á slíkum tímum er ekkert sjálfsagðara en eitt stykki Erró.



Kerti – mynd eftir Erró.

Neyslulist

List Errós sver sig í ætt við popplist sjötta og sjöunda áratugarins en e.t.v. er réttara að kalla list hans sauðapopp til aðgreiningar frá fyrstu poppverkunum sem voru öllu ágengari. Í takt við poppið freistar Erró þess að afmá öll persónuleg einkenni úr verkum sínum; aukahlutir, áferð, grófar pensilstrokur, stílfærð teikning eða fingraför – allt eru þetta bannorð í sótthreinsuðu pakkhúsi Errós þar sem ábyrgst er að neytandinn fái nákvæmlega það sem sjá má við fyrstu sýn og ekkert við nána athugun. Popplistin er skilgetið afkvæmi dadaismans sem reis úr rústum fyrri heimsstyrjaldar. Boðberar dada lögðu allt í sölurnar til að afhjúpa og hæða hina borgaralegu sölulist.

Ein allsherjar teiknimynd

En það má með sanni segja að mörg vötn hafi runnið til sjávar síðan þá – og nú finnst engum það skrýtið að popplistamaður skuli öðlast viðurkenningu sem einn af mestu snillingum málaralistarinnar. Sennilega hafa fjölmiðla- og örtölvubyltingar síðustu áratuga valdið þarna töluverðri hugarfarsbreytingu, en vafalaust eiga framfarir í grafískri hönnun og auglýsingagerð drýgsta þáttinn. Í raun og veru gæti fjöldi hérlendra auglýsingahönnuða staðið í sömu sporum og Erró stendur nú – það er bara spurningin um að taka áhættuna. Á svipaðan hátt og grafískur hönnuður skeytir Erró saman myndverk og myndskreytir eins og verkin séu eingöngu ætluð til prentunar á plaköt. Erró er þaulæfður teiknari og málari og hefði ugglaust átt

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

vísan frama sem teiknari hjá Walt Disney. A.m.k. fékk undirritaður það á tilfinninguna við skoðun sýningar Errós að hann liti á lífið sem eina allsherjar teiknimynd; veröld fulla af grímum. Grímur Errós eru allra annarra en hans eigin; hans sérfræði er það hreinteikna snilli annarra.

Afþreying og eftirhermur

Hápunktur sýningarinnar er vafalítið málverkið Odelscape sem kemur í framtíðinni til með að prýða veggi Borgarleikhússins. Þar fara saman undrafim teikning og sjálfsprottnara inntak en í flestum öðrum hinna nýrri verka Errós. Í kringum 1960 málaði hann súrrealískt landslag janfvel betur en sjálfur Wifredo Lam, en aflagði þann sið, því miður, og tók að auðvelda sér lífið með eftirhermum líkt og þeir sem ráða lögum og lofum bak við tjöldin í dag; auglýsingamatarnir. Odelscape er kannski merki um afturhvarf til þessa frjóa tímabils í list Errós. Víða bregður fyrir skemmtilegum andstæðum í smámyndunum en þó fær maður það á tilfinninguna að það liggi ekki mikið að baki. Fyrir utan það að Erró gæti sem hægast hafa haft hundrað manns í vinnu við að mála það sem nú blasir við gestum á Kjarvalsstöðum. Í öðrum listgeinum nefnist slíkt afþreyingariðnaður en það er ekki víst að borgaryfirvöld meðtaki það að Korpúlfsstaðir verði í framtíðinni athvarf afþreyingariðnaðar.

Nytsamlegar dægurflugur

Það væri vissulega vel ef Korpúlfsstaðir verða fyrir vikið loks að gjaldgengu listasafni og menningarmiðstöð og þá verður gjöf Errós fyrir víst ómetanleg. Reykjavíkurborg hefur á undanförnum mánuðum mátt horfa upp á Hafnarfjörð draga að sér alla athyglina í þeim efnum. Borgin á svo sannarlega nóg af ónýttu húsnæði sem listamenn væru örugglega ekki í vandræðum með að nýta. Það væri sannarlega einkennilegt ef Hafnfirðingar einir sæju hvað slík nýting gæti haft í för með sér. Hitt er svo annað mál hvort alltaf þurfi að koma til gjafir listamanna til að hlúð sé að listum og menningu; slíkt borgar sig alltaf þó notagildið liggi ekki alltaf í augum uppi. Erró minnir okkur á notagildi listarinnar á vettvangi sem er mörgum vin í eyðimörk skynsemishyggju. Hann fetar einstigi og list hans liggur vel við höggi. Tíminn verður að leiða í ljós hvort dægurflugur Errós verða langlífar. Jafnvel sjálf Reykjavíkurborg fær þar engu um ráðið.

-ÓE

Fjölmiðlar

DV

Undirlægjurnar í ríkishljóðvarpinu

Steingrímur Hermannsson hlýtur að vera ánægður með það, hvernig flokksbróðir hans, Kári Jónasson, stjórnar fréttastofu ríkishljóðvarpsins. Þar eru mál jafnan lögð fyrir eins og forsætisráðherra vill.

Gott dæmi var kvöldfréttir föstudaginn 15. september. Þar var aðalatriðið það, haft eftir Steingrími Hermannssyni, að árlegur arður af fjármagni á Íslandi væri hvorki meira né minna en 23 milljarðar króna.

Þetta var mjög villandi, eins og það var sett fram. Með því að nefna svo háa upphæð án þess að setja hana í neitt samhengi við annað var verið að gefa þeirri skoðun forsætisráðherra undir fótinn, að hér biði digur sjóður þess, að hann væri gripinn og notaður til góðra verka.

Kjarni málsins er vitaksuld þessi: Ef fyrirtæki vantar af einhverjum ástæðum fé, þá má afla þess með tvennum hætti, með því að bjóða nægilega hátt verð fyrir það eða taka það með valdi af öðrum. Fyrri aðferðin er notuð í frjálsum viðskiptum, en forsætisráðherra virðist vilja nota hina síðari, enda ekki hrifinn af vestrænum stjórnarháttum, eins og hann segir sjálfur.

Á þetta hefðu góðir fréttamenn vandlega bent. En því miður hafa undirlægjur Framsóknarflokksins í ríkishljóðvarpinu engan starfsmetnað.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson.